

Fimmtudaginn 8. október 1992.

Nr. 306/1992. Íslenska umboðssalan hf.

gegn

Granda hf.

Kærumál. Kyrrsetning. Kæruheimild. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Garðar Gíslason og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 30. júní 1992, sem barst réttinum 10. júlí sl. Um kæruheimild vísar hann til 5. mgr. 25. gr. laga nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lögbann, sbr. 3. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Verður með málið farið eftir ákvæðum þessara laga, sbr. 1. mgr. 167. gr. laga nr. 90/1991 um meðferð einkamála.

Kærður er úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 22. júní 1992 um löghald í eignum sóknaraðila til tryggingar kröfu varnaraðila eftir dómi bæjarþings Reykjavíkur 15. janúar 1991, sem áfrýjað hefur verið til Hæstaréttar. Einnig eru kærðar ákvarðanir aðalfulltrúa borgarfógetans í Reykjavík í þinghaldi 26. júní sl., annars vegar að synja kröfu sóknaraðila um endurupptöku úrskurðarins, og hins vegar að lýsa yfir löghaldi í eignarhlutum sóknaraðila í Seljavegi 2 og Eyjagötu 9.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður og ákvarðanir fógetans í þinghaldi 26. júní verði úr gildi felld. Hann krefst og málskostnaðar fyrir fógetaréttinum og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili kveður kæruheimild skorta fyrir kröfum sóknaraðila. Hann telur kæruna tilefnislaus og krefst því riflegs kærumálskostnaðar.

Samkvæmt a- og c-liðum 3. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 varð kyrrsetningargerð ekki skotið til Hæstaréttar með kæru, og ber að vísa kærinni frá Hæstarétti að þessu leyti.

Synjun fógeta við kröfu gerðarpola um endurupptöku kyrrsetningargerðar var kæránleg samkvæmt 5. mgr. 25. gr. laga nr. 18/1949. Ekki er sýnt, að skilyrði 2. mgr. 25. gr. laganna hafi

verið uppfyllt, og var fógétanum því rétt að synja kröfu sóknaraðila um að taka kyrrsetningargerðina upp að nýju.

Dæma ber sóknaraðila til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Kæru sóknaraðila á úrskurði 22. júní 1992 og ákvörðun fógeta um löghald 26. sama mánaðar er vísað frá Hæstarétti.

Krafa sóknaraðila um endurupptöku gerðarinnar er ekki tekin til greina.

Sóknaraðili, Íslenska umboðssalan hf., greiði varnaraðila, Granda hf., 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 22. júní 1992.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 3. júní sl.

Gerðarbeiðandi er Grandi hf., kt. 541185-0389, Norðurgarði 1, Reykjavík.

Gerðarþoli er Íslenska umboðssalan hf., kt. 600970-0469, Seljavegi 2, Reykjavík.

Gerðarbeiðandi krefst þess í gerðarbeiðni, dags. 18. maí 1992, að lagt verði löghald á svo mikið af eignum gerðarþola, að nægi til tryggingar fullnustu dómskuld skv. bæjarþingsdóminum nr. 15019/1989, 5.248.960 kr., auk dráttarvaxta til greiðsludags, eins og nánar greinir í löghaldsbeiðni, og málskostnaðar, að fjárhæð 560.000 kr., sem beri dráttarvexti skv. 3. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags, auk alls kostnaðar við gerðina og eftirfarandi staðfestingarmál, fjárnám og nauðungarsölu, ef til kemur.

Gerðarþoli gerir þá kröfu, að synjað verði kröfu gerðarbeiðanda um kyrrsetningu eigna hans og að gerðarbeiðandi verði úrskurðaður til að greiða gerðarþola málskostnað með hliðsjón af gjaldskrá LMFÍ samkvæmt ákvæði 1. tl. 2. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936. Þá gerir gerðarþoli þá kröfu, að ef fógeti fellst á kröfu gerðarbeiðanda, verði það skilyrði sett, að hann setji tryggingu fyrir greiðslu tjóns og miskabóta, að fjárhæð 20.000.000 kr., áður en löghald verður á lagt, sbr. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 18/1949.

Anna M. Karlsdóttir, aðalfulltrúi yfirborgarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Krafa gerðarbeiðanda, Granda hf., um löghald í eignum gerðarþola til tryggingar kröfu, að fjárhæð 5.248.960 kr., auk dráttarvaxta frá 15. 12. 1986 til greiðsludags og málskostnaðar, að fjárhæð 560.000 kr., sem beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 30. 1. 1991, auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi staðfestingarmál, fjárnám og nauðungarsölu, ef til kemur, er tekin til greina. Málskostnaður fellur niður.

Bókun í fógetarétti Reykjavíkur 26. júní 1992.

Hinn 22. júní sl. var kveðinn upp hér í réttinum úrskurður í máli þessu á þá leið, að löghald það, sem krafist er með gerðarbeiðni, dags. 18. maí sl., skyldi ná fram að ganga.

Fyrir gerðarbeiðanda er mættur Valgarð Briem hrl. og krefst löghalds í samræmi við ofangreindan úrskurð, þ. e. fyrir 5.248.960 kr., auk dráttarvaxta frá 15. 12. 1986 til greiðsludags og málskostnaðar, að fjárhæð 560.000 kr., sem beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 30. 1. 1991, auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi staðfestingarmál, fjárnám og nauðungarsölu, ef til kemur.

Fyrir gerðarþola er mættur Sveinn Snorrason hrl. Hann mótmælir því, að gerðinni verði haldið áfram að sinni, þar sem hann hyggist kæra úrskurð fógetaréttar til Hæstaréttar. Hann mótmælir fjárhæð kröfunnar, sem krafist er löghalds fyrir, telur hana ranga, og einnig óskar hann, að bókað sé, að nú sé liðið nærri hálf tveim árum frá útgáfu hæstaréttarstefnu í málinu, og hafi gerðarbeiðandi einnig áfrýjað af sinni hálfu. Kröfu hans um löggeymslu, sem sett hafi verið fram ári eftir uppkvaðningu dóms, hafi verið hafnað af fógetarétti 27. janúar 1992.

Hvorki 6. gr. laga nr. 18/1949 né ákvæði nýju réttarfarlaganna sé beitt vegna mála, sem eru undir áfrýjun, heldur löggeymsluúrræðinu. Þar sem hann hafi ákveðið að kæra úrskurð réttarins frá 27. 6. sl., krefst hann þess, að frestað verði framkvæmd gerðarinnar, þar til að niðurstaða Hæstaréttar liggur fyrir, og vísar í því sambandi til niðurlags 5. mgr. 25. gr. laga nr. 18/1949.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda krefst þess, að löghaldið fari nú fram. Hann telur, að það, sem að framan greinir, sé aðeins lýsing háttvirts andstæðings á því, sem hann hyggist gera, en geti ekki orðið til þess að fresta málinu.

Fógeti ákveður, að gegn mótmælum umboðsmanns gerðarbeiðanda séu ekki efni til þess, eins og á stendur, að fresta framkvæmd gerðarinnar.

Fógeti skorar á umboðsmann gerðarþola að benda á eignir gerðarþola til löghalds.

Umboðsmaður gerðarþola lýsir nú yfir því í réttinum, að hann muni kæra þessa ákvörðun fógetaréttar. Hann krefst þess, að bókað verði, að hann óski eftir endurriti bókunar í dag, þar sem hann hyggist leggja fram kæru mánudaginn 29. 6. 1992.

Skv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda lýsir fógeti yfir löghaldi í eignarhluta gerðarþola í Seljavegi 2 og eignarhluta gerðarþola í Eyjagötu 9.
